

1854.  
28. nóvbr.

**21. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í norð-ur- og austurumdæminu, um að stúdent skuli skyldur að gjalda þinggjöld.**

Amtmaðurinn hafði sent stjórninni til úrskurðar fyrirspurn frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu um það, hvort Jón stúdent Thorarensen í Víðidalstungu þyrfti ekki að greiða gjöld þau, sem getið er í opnu brjefi 26. marz 1826, eða hin svo nefndu manntalsbókargjöld fyrir reikningsárið 18 $\frac{5}{4}$ .

Stjórnin svarar: að þar eð Thorarensen hafi ekki á því reikningsári tamið sjer kennimannleg störf, eins og fyrir er mælt í tilskipun 3. maí 1743, verði hann ekki undan þeginn að greiða þau gjöld, er um ræðir, fyrir þann tíma.

2. desembr. **22. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um sóttvarnarlög.**

Stiptamtmaðurinn hafði eptir beiðni bæjarfóetans í Reykjavík boríð undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, hvort lög 10. marz 1852, sem taka úr lögum hinar fyrri tilskipanir fyrir Danmörk um sóttvarnir við gulusótt og kóleru, gætu gilt á Íslandi.

Innanríkisstjórnin, sem eins og kunnugt er af brjefi hennar til amtmannanna á Íslandi 5. júlí 1851, tók, eptir samningi við fjárstjórnarráðið, sama ár við stjórn á sóttvörnum á Íslandi, svarar stiptamtmani: að þar eð lög 10. marz 1852 sjeu enn ekki leidd í lög á Íslandi, þyki stjórninni ísjárvert, að láta nú gjöra það, einkum þegar verzlunin er nú látin laus fyrir útlendar þjóðir, og skal því framvegis farið eptir ákvörðunum þeim, er hingað til hafa verið lög eptir áður nefndu umburðarbrjefi stjórnarinnar 5. júlí 1851.

4. desembr. **23. Auglýsing frá innanríkisstjórninni um það, hvernig fá megi íslenzk leiðarbrjef.**

Eptir fyrirmælum íslenzku siglinga- og verzlunarlaganna 15. dag aprílmánaðar 1854, hefur innanríkisstjórnin þegnsamlegast